

Peter Tompkins óbóleikari fæddist í Petts Wood í Kent á Englandi. Hann lauk tónlistarnámi í Lundúnum þar sem kennarar hans voru Tess Miller, Gareth Hulse og Christine Pendrill. Peter hefur einnig sótt tíma í barokkbóleik hjá Paul Goodwin og Sophia McKenna. Hann hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1988 og hefur hann allt frá komu sinni til landsins verið virkur þáttakandi í tónleikahaldi hér á landi. Hann hefur leikið með fjölmörgum hljómsveitum og kammerhópum bæði á Íslandi og erlendis. Peter hefur komið fram á tónleikum í Bretlandi, á Norðurlöndunum, í Rúmeníu, Austurríki, Frakklandi, Sviss og Bandaríkjunum.

Matej Sarc nam óbóleik hjá Bozo Rogelja við Tónlistarháskólann í Ljubljana, Slóveníu og hlaut þaðan hin virtu Preseren verðlaun fyrir afburða námsárangur. Hann fór síðan til framhaldsnáms við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi, þar sem kennari hans var Heinz Holliger og lauk prófi með ágætiseinkunn. Hann hefur komið fram sem einleikari með kammersveitum í flestum löndum Evrópu, í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Japan og Kína. Matej er mjög virkur í flutningi nútímatónlistar og hefur starfað náið með þeim tónskáldum sem hafa samið fyrir hann. Hann er fyrsti óbóleikari slóvensku fílharmoníuhljómsveitarinnar, meðlimur blásarakvintettsins SLOWIND og listrænn stjórnandi tónlistarnámskeiðsins í Píran, Slóveníu.

Daði Kolbeinsson hefur leikið á óbó og englahorn í Sinfóníuhljómsveit Íslands og Blásarakvintett Reykjavíkur við góðan orðstír undanfarna áratugi. Hann er auk þess mikill áhugamaður um útivist og stundar fjallgöngu á sumrin og skíðagöngu á veturna.

## Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Matej Sarc  
óbó

Peter Tompkins  
óbó

Daði Kolbeinsson  
englahorn

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 17. ágúst 1999 kl. 20:30

Tríóin þrjú fyrir tvö óbó og englahorn, sem flutt verða í kvöld, eru í dæmigerðum 18. aldar Vínarstíl. Mörg tónskáld, er störfuðu í Vín á þessum tíma, sömdu tónverk fyrir þessa hljóðfærasamsetningu og má í því sambandi nefna Beethoven, F. Krommer, J. Triebensee, J. Wenth og A. Wranitzky. Skemmtitónlist af þessu tagi, sem samin var með flutning utandyra í huga, á rætur sínar að rekja til óbóhljómsveitar Jean-Baptiste Lully (1632-1687). Hljómsveit hans samanstóð af 24 óbóum sem léku við hinar ýmsu hirðathafnir Loðvíks XIV. Segja má að blásaratónlist Mozarts hafi þróast út frá þessari skemmtitónlist, svo og sónatínur Richards Strauss.

Anton Wranitzky fæddist í Neureisch í austur-ungverska keisara-dæminu. Hann nam í Brno og Vín þar sem hann, ásamt fleirum, naut leiðsagnar Albrechtsberger, kennara Beethovens. Wranitzky starfaði sem hirðtónskáld og stjórnandi hljómsveitar Maximilians, prins af Lobkowitz, frá 1790 til dauðadags.

Tríóin í C-dúr fyrir tvö óbó og englahorn eftir Wranitzky og Beethoven eru í fjórum þáttum. Þriðji þátturinn er menúett og tríó og lokapátturinn er hraður rondó. Annar þáttur Beethoven-tríósins er hægur og tilfinningaþrunginn en Wranitzky semur tilbrigði sem annan þátt.

Tilbrigðin við *La ci darem la mano* voru sennilega samin 1796-97, stuttu á eftir tríóinu í C-dúr, op. 87. Tríóin voru fyrst flutt í Vínarborg í desember árið 1797 af óbóleikurunum Czerwenka, Reuter og Teimar á tónleikum til styrktar ekkjum og munaðarleysingjum. Tríóin voru ekki gefin út fyrr en eftir dauða Beethovens.

### *Efnisskrá*

Anton Wranitzky  
1761-1820

Tríó í C-dúr fyrir tvö óbó og englahorn  
Adagio - Allegro  
Andante  
Menuetto - Tríó I - Tríó II  
Rondo (Allegro)

Ludwig van Beethoven  
1770-1827

Tilbrigði við „Là ci darem la mano” úr  
*Don Giovanni* eftir Mozart fyrir tvö óbó og  
englahorn, Wo0 28 (1796-97)

Ludwig van Beethoven

Tríó í C-dúr, op. 87 fyrir tvö óbó  
og englahorn (1794)  
Allegro  
Adagio cantabile  
Menuetto (Allegro molto, Scherzo) -Tríó  
Finale (Presto)